

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999.

Rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	kr.
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	669.098.178
Aðrar vaxtatekjur	20.425.946
Lántökugjald	<u>13.592.000</u>
Fjármunatekjur alls:	<u>703.116.124</u>
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum	99.672.811
Önnur vaxtagjöld	8.919
Lántökugjöld	<u>142.267</u>
Fjármagnsgjöld alls:	<u>99.823.997</u>
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu	603.292.127
Reikn. gjöld v/verðbreytinga	-316.008.348
Hreinar fjármunatekjur:	<u>287.283.779</u>
Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	<u>43.524.979</u>
Aðrar tekjur alls:	<u>43.524.979</u>
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	14.629.851
Sérkostnaður Lánasjóðs	5.355.046
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.071.638
Rekstrargjöld alls:	<u>21.056.535</u>
Tekjuafgangur ársins:	<u>309.752.223</u>
Efnahagsreikningur 31. desember 1999.	
Eignir.	
Fastafjármunir:	kr.
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Fasteign	<u>30.331.177</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	<u>30.331.177</u>
Áhættufé:	
Hlutabréfaeign	<u>420.588</u>
Áhættufé alls:	<u>420.588</u>
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	7.508.773.344
Afb. til greiðslu á næsta ári	-1.056.058.030
Langtímakröfur alls:	<u>6.452.715.314</u>
Fastafjármunir alls:	<u>6.483.467.079</u>

Veltufjármunir:

	kr.
Útistandandi skuldir	13.889.626
Gjaldfallnar afborganir og vextir	78.422.821
Áfallnir útistandandi vextir	149.207.093
Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári	1.016.028.229
Bankainnstæður	84.582.828
Sjóður	10.000
Veltufjármunir alls:	<u>1.342.140.597</u>
Eignir samtals:	<u>7.825.607.676</u>

Skuldir og eigið fé.**Eigið fé:**

Endurmatsreikningur	2.633.269.948
Óráðstafað eigið fé	<u>3.657.261.413</u>
Eigið fé alls:	<u>6.290.531.361</u>

Langtímaskuldir:

Ábyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldbinding v/starfsmanna	<u>18.731.000</u>
Ábyrgðarskuldbinding alls:	<u>18.731.000</u>

Langtímalán:

Seðlabanki Íslands	2.310.925
Norræni fjárfestingarbankinn	1.123.702.306
Búnaðarbanki Íslands	125.891.001
Landsbanki Íslands	<u>235.062.104</u>
	1.486.966.336
Afborganir næsta árs	<u>-87.699.752</u>
Langtímalán alls:	<u>1.399.266.584</u>

Skammtímaskuldir:

Skuldheimtumenn	4.226.174
Áfallnir ógr. vextir	25.152.805
Afb. næsta árs af langtímaskuldum	<u>87.699.752</u>
Skammtímaskuldir alls:	<u>117.078.731</u>
Skuldir alls:	<u>1.535.076.315</u>
Skuldir og eigið fé samtals:	<u>7.825.607.676</u>

Reykjavík, 9. maí 2000.

Kristján Magnússon stjórnarformaður.**Ásgeir Magnússon** meðstjórnandi.**Kristinn Jónasson** meðstjórnandi.**Ingvar Viktorsson** meðstjórnandi.**Karl Björnsson** meðstjórnandi.**Þórður Skúlason** framkvæmdastjóri.**Birgir L. Blöndal** aðstoðarframkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðanda.

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-11.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án anmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 2. ágúst 2000.

Ingimundur Sigurpálsson skoðunarmaður.
Sveinn Sæmundsson löggiltur endurskoðandi.

21. ágúst 2000

Nr. 596

REGLUGERÐ

um síldveiðar íslenskra skipa í norskri lögsögu 2000.

1. gr.

Heimilt er íslenskum skipum á árinu 2000 að veiða samtals 8.700 lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Noregs. Aðeins er heimilt að stunda veiðar með nótt og eingöngu norðan 62°N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum við Noreg. Hverju skipi er heimilt að veiða í fiskveiðilögsögu Noregs 55% af eftirstöðvum þess aflahámarks, miðað við 21. ágúst 2000, sem þeim var úthlutað í upphafi síldarvertíðarinnar að teknu tilliti til flutnings milli skipa. Heimilt er að flytja þann hluta aflahámarks, sem hverju skipi er heimilt að veiða við Noreg, milli skipa.

2. gr.

Veiðar á síld við Noreg, sbr. 1. gr., eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Skipstjórnarmönnum ber að fylgja reglum norskra stjórnvalda við veiðar í efnahagslögsögu Noregs. Um tilkynningar til Fiskistofu og löndun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 233, 6. apríl 2000, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 2000, með síðari breytingum.